

I EES-STOFNANIR**1. Sameiginlega EES-nefndin**

2012/EES/63/01	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 123/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	1
2012/EES/63/02	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 124/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn	3
2012/EES/63/03	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 125/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	4
2012/EES/63/04	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	5
2012/EES/63/05	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 127/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn	7
2012/EES/63/06	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 128/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn	8
2012/EES/63/07	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	9
2012/EES/63/08	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 130/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	11
2012/EES/63/09	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 131/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	12
2012/EES/63/10	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 132/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	13
2012/EES/63/11	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 133/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	15
2012/EES/63/12	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 134/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	17
2012/EES/63/13	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 135/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn	18

2012/EES/63/14	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 136/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	19
2012/EES/63/15	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 137/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	21
2012/EES/63/16	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 138/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	23
2012/EES/63/17	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 139/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	24
2012/EES/63/18	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 140/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	26
2012/EES/63/19	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 141/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	28
2012/EES/63/20	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 142/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 31 við EES-samninginn um samvinnu á sérstökum sviðum utan marka fjórþætta frelsisins.	30
2012/EES/63/21	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 143/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á bókun 47 við EES-samninginn um afnám tæknilegra hindrana í viðskiptum með vín. .	31
2012/EES/63/22	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 144/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .	33
2012/EES/63/23	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 145/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .	34
2012/EES/63/24	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 146/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .	36
2012/EES/63/25	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 147/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .	37
2012/EES/63/26	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 148/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn	38
2012/EES/63/27	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 149/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn	39
2012/EES/63/28	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2012 frá 13. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	40
2012/EES/63/29	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 151/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn .	41
2012/EES/63/30	Ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 152/2012 frá 26. júlí 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn	43

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-rikkanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 123/2012

2012/EES/63/01

frá 13. júlí 2012

um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRDUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 87/2011 frá 2. febrúar 2011 um tilnefningu á tilvísunarrannsóknarstofu ESB fyrir rannsóknir á heilbrigði býflugna, um frekari skyldur og verkefni fyrir þá rannsóknarstofu og um breytingu á VII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004 ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um lifandi dýr önnur en fisk og eldisdýr. Ísland er undanþegið löggjöf á þessu sviði eins og fram kemur í 2. mgr. inngangsorða I. kafla I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Íslands.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRDUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 11. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 882/2004) í hluta 1.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 0087**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 87/2011 frá 2. febrúar 2011 (Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 1).“

2. gr.

Norskur texti reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 87/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

(¹) Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 4.

(²) Stjtið. ESB L 29, 3.2.2011, bls. 1.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 124/2012****2012/EES/63/02****frá 13. júlí 2012****um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) I. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 104/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1276/2011 frá 8. desember 2011 um breytingu á III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar meðhöndlun til að drepa lífvænlega sníkla í fiskafurðum til mannelis ⁽²⁾.
- 3) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um heilbrigði dýra. Ákvæði löggjafar um heilbrigði dýra skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í aðlögunarákvæðum vegna einstakra atvinnugreina í I. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í 17. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004) í hluta 6.1 í I. kafla I. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 1276**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1276/2011 frá 8. desember 2011 (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 39).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1276/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 3, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 4.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 39.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 125/2012****2012/EES/63/03****frá 13. júlí 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 107/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011 frá 14. apríl 2011 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), er snertir XVII. viðauka við hana (akrýlamíð) ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12zc (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„– **32011 R 0366**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 366/2011 frá 14. apríl 2011 (Stjtið. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 12).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 366/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 29, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 28.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 101, 15.4.2011, bls. 12.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 126/2012****2012/EES/63/04****frá 13. júlí 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 3052/95/EB ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE ⁽³⁾.
- 4) Með ákvörðun nr. 768/2008 eru settar sameiginlegar meginreglur og viðmiðunarákvæði að því er varðar framtíðarlöggjöf um samhæfingu skilyrða fyrir markaðssetningu á vörum og hún er einnig uppláttarrit að því er varðar gildandi löggjöf.
- 5) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 764/2008 fellur úr gildi ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EB ⁽⁴⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 6) Samkvæmt ákvæðum reglugerðar (EB) nr. 765/2008 fellur úr gildi reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93 ⁽⁵⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 7) Samkvæmt ákvæðum ákvörðunar nr. 768/2008/EB fellur úr gildi ákvörðun ráðsins 93/465/EBE ⁽⁶⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum.
- 8) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

I. gr.

Ákvæði XIX. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 3b (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 339/93) hljóði svo:

„**32008 R 0765**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82.

⁽⁴⁾ Stjtið. EB L 321, 30.12.1995, bls. 1.

⁽⁵⁾ Stjtið. EB L 40, 17.2.1993, bls. 1.

⁽⁶⁾ Stjtið. EB L 220, 30.8.1993, bls. 23.

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

a) Eftirfarandi bætist við í lok 2. mgr. 4. gr.:

„Stjórnvöld í Liechtenstein skulu einnig geta leitað til faggildingarstofnunar Sviss vegna þeirra vöruflokka sem samningur milli Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um gagnkvæma viðurkenningu í tengslum við samræmismat þar sem kröfur ESB og Sviss eru taldar vera jafngildar samkvæmt ákvæðum 2. mgr. 1. gr. þess samnings“.

b) Vörur sem fluttar eru út frá Liechtenstein til annarra samningsaðila geta fallið undir landmæraeftirlit samkvæmt ákvæðum 27. til 29. gr.“

2. Texti liðar 3d (ákvörðun ráðsins 93/465/EBE) hljóði svo:

„**32008 D 0768**: Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).“

3. Texti liðar 3f (ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 3052/95/EB) hljóði svo:

„**32008 R 0764**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 764/2008 frá 9. júlí 2008 um málsmeðferð við beitingu tiltekinna innlendra tæknireglna vegna löglega markaðssettrar vöru í öðru aðildarríki og um niðurfellingu á ákvörðun nr. 3052/95/EB (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 21).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

Reglugerðin gildir aðeins um vörur sem 3. mgr. 8. gr. samningsins tekur til.

Reglugerðin tekur ekki til Liechtensteins í tengslum við vörur sem I. viðauki, XII. og XXVII. kafli II. viðauka og bókun 47 við samninginn taka til meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins.“

4. Eftirfarandi bætist við í lið 3h (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB):

„eins og henni var breytt með:

– **32008 R 0765**: Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (EB) nr. 764/2008 og 765/2008 og ákvörðunar nr. 768/2008/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 127/2012****2012/EES/63/05****frá 13. júlí 2012****um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 106/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum tilskipunar 2009/48/EB fellur úr gildi tilskipun ráðsins 88/378/EBE ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana í heild úr samningnum frá og með 20. júlí 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XXIII. kafla II. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti 1. liðar (tilskipun ráðsins 88/378/EBE) falli brott frá og með 20. júlí 2013.
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir 1. lið (tilskipun ráðsins 88/378/EBE):

„1a. **32009 L 0048**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/48/EB frá 18. júní 2009 um öryggi leikfanga (Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2009/48/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*), eða gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 126/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽⁴⁾, hvort sem ber upp síðar.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 6, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 8.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 170, 30.6.2009, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 187, 16.7.1988, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls.5.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 128/2012

2012/EES/63/06

frá 13. júlí 2012

um breytingu á XI. viðauka (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og upplýsingasamfélagið) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XI. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 109/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/267/ESB frá 6. maí 2010 um samræmd tækniskilyrði vegna notkunar á tíðnisviðinu 790-862 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Evrópusambandsins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 5czg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/166/ESB) í XI. viðauka við samninginn:

„5czh. **32010 D 0267**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/267/ESB frá 6. maí 2010 um samræmd tækniskilyrði vegna notkunar á tíðnisviðinu 790-862 MHz fyrir landstöðvakerfi sem eru fær um að veita rafræna fjarskiptaþjónustu innan Evrópusambandsins (Stjtíð. ESB L 117, 11.5.2010, bls. 95).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2010/267/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 31, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 31.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 117, 11.5.2010, bls. 95.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 129/2012

2012/EES/63/07

frá 13. júlí 2012

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/38/EB frá 17. maí 2006 um breytingu á tilskipun 1999/62/EB um álagningu gjalda á þungaflytningabifreiðar fyrir notkun á tilteknum grunnvirkjum ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 18a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/62/EB) í XIII. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við:

„– **32006 L 0038:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/38/EB frá 17. maí 2006 (Stjttíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 8).“

2. Ákvæði aðlögunarliðarins breytist sem hér segir:

- i) Texti aðlögunarliðar d) hljóði svo:

„d) Eftirfarandi bætist við í lok mgr. 4b í 7. gr.:

„a) Að því er varðar fyrirkomulag vegtolla á samevrópska vegakerfinu í suðaustanverðum Noregi sem þegar er til staðar daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽²⁾ öðlast gildi, skal beiting afsláttar eða lægri vegtolla gagnvart þeim sem nota vegina mikið samrýmast ákvæðum mgr. 4b í 7. gr. þessarar tilskipunar eigi síðar en 31. desember 2014.

b) Beita má núgildandi afsláttarkjörum eða lægri vegtollum gagnvart þeim sem nota vegina mikið á fyrirkomulag vegtolla á samevrópska vegakerfinu annars staðar í Noregi sem þegar er til staðar daginn sem ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012 öðlast gildi, að því tilskildu að hlutfall alþjóðlegra þungavöruflutninga á viðkomandi grunnvirkjakerfi sé lægra en 30%.

Að því er varðar fyrirkomulag vegtolla sem komið er á eftir gildistökudag ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 129/2012, má afsláttur eða lækkun vegtolls til þeirra sem nota vegina mikið vera meiri en það hámark sem sett er í mgr. 4b í 7. gr. þessar tilskipunar, að því tilskildu að:

- hlutur alþjóðlegra þungavöruflutninga á viðkomandi grunnvirkiskerfi sé ekki meiri en 5%,
- umfang slíks afsláttar eða lækkaðs verð sé réttlætt á grundvelli sérstakra aðstæðna, einkum þegar viðkomandi grunnvirkjakerfi samanstendur af brúm og/eða jarðgöngum sem koma í stað ferjusílinga.““

- ii) Texti aðlögunarliðar e) falli brott.

⁽¹⁾ Stjttíð. ESB L 157, 9.6.2006, bls. 8.

⁽²⁾ Stjttíð. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 8, og EES-viðbætur við Stjttíð. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 9.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2006/38/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 130/2012****2012/EES/63/08****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/274/ESB frá 26. apríl 2012 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar orkuundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 37dg (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/275/ESB) í XIII. viðauka við samninginn:

„37dh. **32011 D 0274**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/274/ESB frá 26. apríl 2011 um tækniforskrift um rekstrarsamhæfi að því er varðar orkuundirkerfi almenna, samevrópska járnbrautakerfisins (Stjtið. ESB L 126, 14.5.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/274/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 126, 14.5.2011, bls. 1.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 131/2012****2012/EES/63/09****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/765/ESB frá 22. nóvember 2011 um viðmiðanir fyrir viðurkenningu þjálfunarmiðstöðva sem taka þátt í þjálfun lestarstjóra, um viðmiðanir fyrir viðurkenningu prófdómara fyrir lestarstjóra og viðmiðanir fyrir skipulagningu prófa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 42gb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 36/2010) í XIII. viðauka við samninginn:

„42gc. **32011 D 0765**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/765/ESB frá 22. nóvember 2011 um viðmiðanir fyrir viðurkenningu þjálfunarmiðstöðva sem taka þátt í þjálfun lestarstjóra, um viðmiðanir fyrir viðurkenningu prófdómara fyrir lestarstjóra og viðmiðanir fyrir skipulagningu prófa í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/59/EB (Stjtið. ESB L 314, 29.11.2011, bls. 36).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/765/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 314, 29.11.2011, bls. 36.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 132/2012****2012/EES/63/10****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/821/ESB frá 7. desember 2011 um viðurkenningu Grænhöfðaejja samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/822/ESB frá 7. desember 2011 um viðurkenningu Bangladess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/75/ESB frá 9. febrúar 2012 um viðurkenningu Gana samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/76/ESB frá 9. febrúar 2012 um viðurkenningu Úrúgvæ samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna ⁽⁵⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 56jk (framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/520/ESB) í XIII. viðauka við samninginn:

- „56jl. **32011 D 0821**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/821/ESB frá 7. desember 2011 um viðurkenningu Grænhöfðaejja samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 67).
- 56jm. **32011 D 0822**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/822/ESB frá 7. desember 2011 um viðurkenningu Bangladess samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 68).
- 56jn. **32012 D 0075**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/75/ESB frá 9. febrúar 2012 um viðurkenningu Gana samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 45).
- 56jo. **32012 D 0076**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2012/76/ESB frá 9. febrúar 2012 um viðurkenningu Úrúgvæ samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/106/EB að því er varðar kerfin fyrir þjálfun og útgáfu skirteina farmanna (Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 46).“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 67.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 327, 9.12.2011, bls. 68.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 45.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 46.

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2011/821/ESB, 2011/822/ESB, 2012/75/ESB og 2012/76/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 133/2012****2012/EES/63/11****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) XIII. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 90/2011 frá 19. júlí 2011 ⁽²⁾, en með henni var felld inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008 frá 24. september 2008 um sameiginlegar reglur um rekstur flugþjónustu í Bandalaginu (endurútgefin) ⁽³⁾.
- 3) Markmið samningsaðila er að tryggja að flugrekendur EFTA-ríkjanna ⁽⁴⁾ eigi rétt á að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Sambandsins og Sviss, fram og til baka.
- 4) Markmið samningsaðila er einnig að tryggja að flugrekendur Bandalagsins eigi rétt á að stunda flugrekstur milli EFTA-ríkis og Sviss, fram og til baka.
- 5) Sameiginlega EES-nefndin mun í þessu skyni veita svissneskum flugrekendum rétt, að því tilskildu að hann sé gagnkvæmur, til að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Sambandsins og EFTA-ríkis, fram og til baka.
- 6) XIII. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 64a (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1008/2008) breytist sem hér segir:

1. Núverandi aðlögunarliður b) verði endurtölusettur sem aðlögunarliður c).
2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarliði a):

„b) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 15. gr.:

„6) Svissneskir flugrekendur skulu, með sömu skilyrðum og flugrekendur í Bandalaginu og EFTA-ríkjum ⁽¹⁾, eiga rétt á að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og EFTA-ríkja, fram og til baka. Þetta er háð því að Bandalagið og Sviss, annars vegar, veiti flugrekendum í EFTA-ríkjum rétt til að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Sviss, fram og til baka, og, hins vegar, að Sviss og EFTA-ríki veiti flugrekendum í Bandalaginu rétt til að stunda flugrekstur milli Sviss og EFTA-ríkja, fram og til baka.

Allar takmarkanir á þessu fyrirkomulagi sem koma upp vegna gildandi tvíhliða eða fjölpjóðlegra samninga sem binda hendur Bandalagsins, annars vegar, og EFTA-ríkjanna, hins vegar eru, hér með leystar af hólmi.

⁽¹⁾ Vísanir í „EFTA“ eru í samræmi við ákvæði stafl. b) í 2. gr. EES-samningsins og ber að lesa sem vísanir í „EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES“.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 62, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 78.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 293, 31.10.2008, bls. 3.

⁽⁴⁾ Vísanir í „EFTA“ í ákvörðun þessari eru í samræmi við ákvæði stafl. b) í 2. gr. EES-samningsins og ber að lesa sem vísanir í „EFTA-ríkin, sem eiga aðild að EES“.

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*), eða gildistökuþing samnings milli Evrópusambandsins og Sviss sem veitir flugrekendum EFTA-ríkja rétt til að stunda flugrekstur milli aðildarríkja Evrópusambandsins og Sviss, fram og til baka, annars vegar, eða samnings milli EFTA-ríkja og Sviss sem veitir flugrekendum í Bandalaginu rétt til að stunda flugrekstur milli Sviss og EFTA-ríkja, fram og til baka, hins vegar, hvort sem ber upp síðar.

3. gr.

Formaður sameiginlegu EES-nefndarinnar skal tilkynna stjórnvöldum í Sviss samþykkt ákvörðunar þessarar og hvenær síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni, ef um slíkt er að ræða.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 134/2012****2012/EES/63/12****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010 frá 26. janúar 2010 um verklagsreglur við framkvæmd skoðana á vegum framkvæmdastjórnarinnar á sviði flugverndar ⁽²⁾ var felld inn í samninginn samkvæmt ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 75/2010 ⁽³⁾.
- 3) Til þess að tryggja einsleita beitingu reglugerðar (ESB) nr. 72/2010 á öllu Evrópska efnahagssvæðinu, ber að breyta XIII. viðauka til að greiða fyrir samstarfi milli framkvæmdastjórnarinnar og Eftirlitsstofnunar EFTA.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði liðar 66hc (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 72/2010) í XIII. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Núverandi aðlögunarliður verði endurtölusettur sem aðlögunarliður a).
2. Eftirfarandi aðlögunarliður bætist við á eftir aðlögunarlið a):

„b) Eftirfarandi bætist við í 2. mgr. 6. gr.:

„Við eftirlit er framkvæmdastjórninni heimilt að kalla til úttekarmenn einstakra landa samkvæmt skrá EFTA-ríkjanna og Eftirlitsstofnun EFTA að kalla til úttekarmenn einstakra landa samkvæmt skrá aðildarríkja Evrópusambandsins.

Framkvæmdastjórninni og Eftirlitsstofnun EFTA er heimilt að bjóða hvor annarri þátttöku í eftirliti sem athuganda.““““

2. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

3. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stj. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 37, og EES-viðbætur við Stj. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 37.

⁽²⁾ Stj. ESB L 23, 27.1.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stj. ESB L 244, 16.9.2010, bls. 32, og EES-viðbætur við Stj. ESB nr. 49, 16.9.2010, bls. 31.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2012****2012/EES/63/13****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 310, 25.11.2011, bls. 17.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 149/2012

2012/EES/63/27

frá 13. júlí 2012

um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum,
vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XVIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 84/2011 frá 1. júlí 2011 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/104/EB frá 19. nóvember 2008 um vinnu á vegum starfsmannaleigu ⁽²⁾.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32j (tilskipun ráðsins 2009/13/EB) í XVIII. viðauka við samninginn:
„32k. **32008 L 0104**: Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/104/EB frá 19. nóvember 2008 um vinnu á vegum starfsmannaleigu (Stjtíð. ESB L 327, 5.12.2008, bls. 9).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti tilskipunar 2008/104/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 1. janúar 2013, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 262, 6.10.2011, bls. 56, og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 54, 6.10.2011, bls. 70.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 327, 5.12.2008, bls. 9.

^(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 150/2012****2012/EES/63/28****frá 13. júlí 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 117/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í samninginn framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/632/ESB frá 21. september 2011 um gerð spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs ⁽²⁾.
- 3) Samkvæmt ákvæðum framkvæmdarákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2011/632/ESB fellur úr gildi frá og með 1. janúar 2013 ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/731/ESB ⁽³⁾, en sú gerð hefur verið felld inn í samninginn og ber því að fella hana úr samningnum frá og með 1. janúar 2013.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32ffa (reglugerð ráðsins (ESB) nr. 333/2011):
„32fg. **32011 D 0632**: Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/632/ESB frá 21. september 2011 um gerð spurningalista sem nota skal við skýrslugjöf um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2000/76/EB um brennslu úrgangs (Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 54).“
2. Texti liðar 32fd (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/731/ESB) falli brott frá og með 1. janúar 2013.

*2. gr.*Íslenskur og norskur texti ákvörðunar 2011/632/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.*3. gr.*Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni ^(*).*4. gr.*Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 40, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 42.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 247, 24.9.2011, bls. 54.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 315, 1.12.2010, bls. 38.

^(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 151/2012

2012/EES/63/29

frá 26. júlí 2012

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við
EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKIÐ NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 105/2012 frá 15. júní 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2011 frá 7. desember 2011 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2012, 2013 og 2014 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi leifa af varnarefnum og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu ⁽²⁾.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008 frá 5. desember 2008 um samræmda eftirlitsáætlun Bandalagsins til margra ára fyrir árin 2009, 2010 og 2011 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu ⁽³⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn, hefur verið felld úr gildi í Evrópusambandinu og ber því að fella hana úr EES-samningnum.
- 4) Ákvörðun þessi varðar löggjöf um matvæli. Ákvæði löggjafar um matvæli skulu ekki gilda að því er varðar Liechtenstein meðan ákvæði samnings Evrópubandalagsins og Sambandsríkisins Sviss um verslun með landbúnaðarvörur taka einnig til Liechtensteins, eins og tilgreint er í inngangsorðum XII. kafla II. viðauka við samninginn. Ákvörðun þessi á því ekki að taka til Liechtensteins.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XII. kafla II. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Texti liðar 54zzzzb (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1213/2008) falli brott.
2. Eftirfarandi bætist við á eftir 67. lið (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1171/2011):
„68. **32011 R 1274**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1274/2011 frá 7. desember 2011 um samræmda eftirlitsáætlun Sambandsins til margra ára fyrir árin 2012, 2013 og 2014 til þess að tryggja að farið sé að ákvæðum um hámarksgildi leifa af varnarefnum og meta þau váhrif sem neytendur verða fyrir af völdum varnarefnaleifa í og á matvælum úr jurta- og dýraríkinu (Stjtið. ESB L 325, 8.12.2011, bls. 24).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

1. Eftirfarandi bætist við í 1. gr.:

„Árin 2012, 2013 og 2014 er stjórnvöldum á Íslandi heimilt að láta greiningu ná til sama 61 varnarefnis og vöktun matvæla á markaði í landinu náði til árið 2011.“

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 270, 4.10.2012, bls. 4, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 56, 4.10.2012, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 325, 8.12.2011, bls. 24.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 328, 6.12.2008, bls. 9.

2. Eftirfarandi bætist við í 5. lið II. viðauka:

”

IS	12 (*) 15 (**)
NO	12 (*) 15 (**)

”””

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerðar (ESB) nr. 1274/2011, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. júlí 2012, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

**ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 152/2012****2012/EES/63/30****frá 26. júlí 2012****um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR TEKID NEÐANGREINDA ÁKVÖRÐUN

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist „EES-samningurinn“ í því sem hér fer á eftir, einkum ákvæða 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við EES-samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 150/2012 frá 13. júlí 2012 ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2011 frá 7. júní 2011 um ákvörðun á tilteknum takmörkunum sem gilda um notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkfna varðandi iðnaðargastegundir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽³⁾.
- 4) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1210/2011 frá 23. nóvember 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010, einkum í því skyni að ákvarða fjölda heimilda til losunar gróðurhúsalofttegunda sem verða boðnar upp fyrir 2013 ⁽⁴⁾.
- 5) Fella ber inn í EES-samninginn tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 um breytingu á tilskipun 2003/87/EB til að bæta og víkka út kerfi Bandalagsins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda ⁽⁵⁾.
- 6) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB frá 24. desember 2009 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka ⁽⁶⁾.
- 7) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/345/ESB frá 8. júní 2010 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB að því er varðar að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá föngun, flutningi og geymslu koltvísyrings í jörðu ⁽⁷⁾.
- 8) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO₂ í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁸⁾.
- 9) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB ⁽⁹⁾.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 309, 8.11.2012, bls. 35, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 63, 8.11.2012, bls. 40.

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

⁽³⁾ Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 1.

⁽⁴⁾ Stjtið. ESB L 308, 24.11.2011, bls. 2.

⁽⁵⁾ Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63.

⁽⁶⁾ Stjtið. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10.

⁽⁷⁾ Stjtið. ESB L 155, 22.6.2010, bls. 34.

⁽⁸⁾ Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39.

⁽⁹⁾ Stjtið. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

- 10) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/540/ESB frá 18. ágúst 2011 um breytingu á ákvörðun 2007/589/EB að því er varðar að fella inn í hana viðmiðunarreglur um vöktun og skýrslugjöf vegna losunar gróðurhúsalofttegunda frá nýrri starfsemi og lofttegundum ⁽¹⁰⁾.
- 11) Fella ber inn í EES-samninginn ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/745/ESB frá 11. nóvember 2011 um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka ⁽¹¹⁾.
- 12) Þessi ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar skerðir ekki sjálfræði samningsaðila að því er varðar milliríkjavíðræður um loftslagsbreytingar, einkum í tengslum við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókunina, eða annan milliríkjasamning um loftslagsbreytingar, aðra en þá sem varða kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda og hafa verið felldir inn í EES-samninginn. EFTA-ríkin skulu þó taka fullt tillit til þeirra skuldbindinga sem þau hafa gengist undir með EES-samningnum. Sérhvert EFTA-ríki ber ábyrgð á því að koma í framkvæmd stefnumiðum og aðgerðum til efnda á alþjóðaskuldbindingum samkvæmt rammasamningi Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar og Kýótóbókuninni og öðrum milliríkjasamningum um loftslagsbreytingar.
- 13) Þátttaka EFTA-ríkjanna í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda hefur ekki áhrif á aðild EFTA-ríkjanna að sveigjanlegum stjórnþækjum til að draga úr losun gróðurhúsalofttegunda.
- 14) Útvíkkun kerfis ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda þannig að það nái til stöðva í EFTA-ríkjunum felur í sér aukningu á heildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda í heild sinni samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB ⁽¹²⁾. EFTA-ríkin leggja fram viðeigandi tölur í A-hluta viðbættisins við þá tilskipun til þess að framkvæmdastjórnin geti ákvarðað árlegan meðalheildarfjölda losunarheimilda á öllu EES-svæðinu.
- 15) Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum upplýsingar um samningaviðræður og gerð samninga við þriðju lönd sem um getur í 11. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og um afleiðingar sem þetta kynni að hafa á einingar vottaðrar losunarskerðingar (CER).
- 16) Þegar gerður er samningur á grundvelli 11. gr. a eða 25. gr. tilskipunar 2003/87/EB skal þess gætt að mismuna ekki EFTA-ríkjunum og rekstraraðilum í þeim ríkjum í samanburði við aðildarríki ESB og rekstraraðila þar.
- 17) Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum upplýsingar um framkvæmd ákvæða 1. mgr. 24. gr. a í tilskipun 2003/87/EB og um afleiðingar sem þetta kynni að hafa á fjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda.
- 18) EFTA-ríkin styðja að öllu leyti að losunarheimildum, sem er úthlutað með uppboði, muni fjölga í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda, í því skyni að afnema losunarheimildir án endurgjalds frá árinu 2027. EFTA-ríkin hafa ávallt stefnt að því að auka hlut losunarheimilda sem er úthlutað gegn greiðslu. EFTA-ríkin minna á aðlögunarlið e) í 2. lið 1. gr. ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 1346/2007 ⁽¹³⁾ um að fella tilskipun 2003/87/EB inn í EES-samninginn.
- 19) EFTA-ríkin munu notfæra sér sameiginlega uppboðsvettvanga sem tilnefndir eru samkvæmt ákvæðum 26. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 og tilnefna uppboðsvaktara sem valinn er samkvæmt ákvæðum 24. gr. þeirrar reglugerðar til að hafa eftirlit með uppboði á losunarheimildum þeirra. Sökum þess að EFTA-ríkin taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni, þurfa þau ekki að sinna sérstökum verkefnum í tengslum við innkaupaferlið við tilnefningu sameiginlegra uppboðsvettvanga og uppboðsvaktara. Þegar þeir hafa verið tilnefndir mun sérhvert EFTA-ríki kappkosta að gera við þá samninga. Framkvæmdastjórnin mun sjá til þess, að svo miklu leyti sem kostur er, að uppboðsvettvangarnir geri samning við EFTA-ríkin samkvæmt sömu skilyrðum, að breyttu breytanda, og fyrirhuguð eru fyrir þau aðildarríki ESB sem eiga aðild að samningunum sem leiða af sameiginlegu innkaupaferli, að því tilskildu að EFTA-ríkin sameini uppboð á losunarheimildum sínum uppboði á losunarheimildum þátttökuaðildarríkja ESB. Að því er varðar uppboðsvaktarann, mun framkvæmdastjórnin sjá til þess, að svo miklu leyti sem kostur er, að uppboðsvaktarinn geri

⁽¹⁰⁾ Stjtið. ESB L 244, 21.9.2011, bls. 1.

⁽¹¹⁾ Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 9.

⁽¹²⁾ Stjtið. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

⁽¹³⁾ Stjtið. ESB L 100, 10.4.2008, bls. 92, og EES-viðbætur við Stjtið. ESB nr. 19, 10.4.2008, bls. 90.

samning við EFTA-ríkin samkvæmt sömu skilyrðum, að breyttu breytanda, og gilda annaðhvort fyrir þau aðildarríki ESB sem taka þátt, eða þau aðildarríki ESB sem taka ekki þátt, allt eftir því hvort EFTA-ríkin kjósa, eður ei, að sameina uppboð á losunarheimildum sínum uppboði á losunarheimildum þátttökuáildarríkja ESB.

- 20) Fjárhagsmál eru ekki hluti EES-samningsins. Samið er um fjárframlög EFTA-ríkjanna til aðildarríkja ESB fyrir milligöngu fjármagnskerfis EES. Beiting ákvæða tilskipunar 2003/87/EB varðandi þessi atriði og beiting viðmiðana um dreifingu meðal tiltekinna aðildarríkja ESB á tilteknum hundraðshlutum heildarfjölda losunarheimilda sem verða boðnar upp samkvæmt staflaðum b) og c) í 2. mgr. 10. gr. og samkvæmt viðaukum IIa og IIb við tilskipun 2003/87/EB er því með fyrirvara um gildissvið EES-samningsins.
- 21) Eftirlitsstofnun EFTA skal hafa náið samráð við framkvæmdastjórnina þegar leitað er til hennar um verkefni sem varða EFTA-ríkin og eru á ábyrgð framkvæmdastjórnarinnar að því er varðar aðildarríki ESB samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, reglugerð (EB) nr. 2216/2004, ákvörðun 2007/589/EB og ákvörðun 2006/780/EB. Þessi verkefni taka meðal annars til mats á landsbundnum framkvæmdaráðstöfunum sem um getur í 11. gr. tilskipunar 2003/87/EB og til allra umsókna um að fella einhliða inn aðra starfsemi og lofttegundir samkvæmt 24. gr. fyrrnefndrar tilskipunar.

ÁKVÖRÐUNIN ER SVOHLJÓÐANDI:

1. gr.

Ákvæði XX. viðauka við EES-samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB):

„– **32009 L 0029:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/29/EB frá 23. apríl 2009 (Stjtið. ESB L 140, 5.6.2009, bls. 63).“
2. Aðlögunarliðir í lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB) hljóði svo:

„Ákvæði tilskipunarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

 - a) Með fyrirvara um síðari umfjöllun sameiginlegu EES-nefndarinnar ber að hafa í huga að eftirtaldir Bandalagsgerðir hafa ekki verið felldar inn í EES-samninginn:
 - i) Ákvörðun ráðsins 2002/358/EB frá 25. apríl 2002 um samþykki Kýótóbókunarinnar við rammasamning Sameinuðu þjóðanna um loftslagsbreytingar, fyrir hönd Evrópubandalagsins, og sameiginlega uppfyllingu á skuldbindingum samkvæmt henni ⁽¹⁴⁾,
 - ii) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 280/2004/EB frá 11. febrúar 2004 um kerfi til að vakta losun gróðurhúsalofttegunda í Bandalaginu og um framkvæmd Kýótóbókunarinnar ⁽¹⁵⁾.
 - b) Þegar tilskipunin verður felld inn í samninginn er engin flugstarfsemi, eins og hún er skilgreind í tilskipuninni, stunduð á yfirráðasvæði Liechtensteins. Liechtenstein mun fara að ákvæðum tilskipunarinnar þegar hlutaðeigandi flugstarfsemi verður stunduð á yfirráðasvæði þess.
 - c) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 4. mgr. 3. gr. c:

„Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum og samkvæmt tölugögnum frá Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við Evrópustofnunina um öryggi flugleiðsögu, taka ákvörðun um sögulega losun gróðurhúsalofttegunda frá flugsamgöngum innan EES með því að bæta viðeigandi tölum, sem varða flug innan yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og milli þeirra og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þegar sú síðarnefnda verður felld inn í EES-samninginn.“
 - d) Önnur undirgrein í 4. mgr. 3. gr. d falli brott.
 - e) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 3. gr. e og í 4. mgr. 3. gr. f:

„Eigi síðar en þann sama dag skulu EFTA-ríkin senda umsóknir, sem þeim hafa borist, til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“

⁽¹⁴⁾ Stjtið. EB L 130, 15.5.2002, bls. 1.

⁽¹⁵⁾ Stjtið. ESB L 49, 19.2.2004, bls. 1.

f) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 3. mgr. 3. gr. e:

„Sameiginlega EES-nefndin skal, í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í samningnum og samkvæmt tölugögnum frá Eftirlitsstofnun EFTA í samvinnu við Evrópustofnunina um öryggi flugleiðsögu, taka ákvörðun um heildarfjölda losunarheimilda innan EES, fjölda losunarheimilda sem verður boðinn upp, fjölda losunarheimilda í sérstökum varasjóði og fjölda losunarheimilda án endurgjalds með því að bæta viðeigandi tölum, sem varða flug innan yfirráðasvæða EFTA-ríkjanna og milli þeirra og flug milli EFTA-ríkjanna og þriðju landa, við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar þegar sú síðarnefnda verður felld inn í EES-samninginn.

Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðunina fyrir EES. Framkvæmdastjórnin skal vinna náið með Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökufurllinu. Útreikningur og birting af hálfu EFTA-ríkjanna samkvæmt 4. mgr. 3. gr. e skal fara fram eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið ákvörðun um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar inn í EES-samninginn.“

g) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 5. mgr. 3. gr. f:

„Framkvæmdastjórnin skal ákveða viðmiðunina fyrir EES. Framkvæmdastjórnin skal vinna náið með Eftirlitsstofnun EFTA í ákvarðanatökufurllinu. Útreikningur og birting af hálfu EFTA-ríkjanna samkvæmt 7. mgr. 3. gr. f skal fara fram eftir að sameiginlega EES-nefndin hefur tekið ákvörðun um að fella ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar inn í EES-samninginn.“

h) Eftirfarandi málsgreinar bætist við í 9. gr.:

„Aukning á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna þess að kerfið hefur verið víkkað út þannig að það taki til Liechtensteins og Noregs samkvæmt 1. mgr. skal vera í samræmi við ákvarðanir Eftirlitsstofnunar EFTA um landsbundnar úthlutunaráætlanir þeirra fyrir árin 2008 til 2012.

Aukning á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda í kerfi ESB fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda vegna þess að kerfið hefur verið víkkað út þannig að það taki til Íslands samkvæmt 1. mgr. skal samsvara 23 934 tonnum af jafngildi koltvísýrings.

Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við útreikning á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt þessari grein, fram í A-hluta viðbættisins.“

i) Eftirfarandi málsliður bætist við í 1. mgr. 9. gr. a:

„Að því er varðar Noreg, er árlegur meðalheildarfjöldi losunarheimilda vegna stöðvanna sem nefndar eru í þessari málsgrein 878 850.“

j) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 2. mgr. 9. gr. a:

„Að því er varðar stöðvar í EFTA-ríkjunum sem stunda starfsemi sem skráð er í I. viðauka og kerfi Bandalagsins tekur aðeins til frá og með árinu 2013, skal árleg meðallosun skýrslutímabilsins vegna leiðréttingarinnar vera:

Ísland: 1 862 571 tonn af jafngildi koltvísýrings.

Liechtenstein: 0 tonn af jafngildi koltvísýrings.

Noregur: 5 269 254 tonn af jafngildi koltvísýrings.“

k) Eftirfarandi málsgreinar bætist við á eftir 4. mgr. 9. gr. a:

„5. Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til vegna leiðréttingarinnar á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt þessari grein, fram í A-hluta viðbættisins.

6. Framkvæmdastjórnin skal reikna og leiðrétta árlegan fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 í samræmi við ákvæði 9. gr. og þessarar greinar til að ná yfir tölur frá EFTA-ríkjunum sem koma fram í A-hluta viðbættisins. Framkvæmdastjórnin skal birta leiðréttan fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu frá og með árinu 2013.“

l) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 2. mgr. 10. gr.:

„Að því er varðar staflíð a), skal hlutur Liechtensteins og Noregs reiknaður út á grundvelli eftirfarandi losunar:

Liechtenstein: 20 943 tonn af jafngildi koltvísýrings.

Noregur: 18 635 669 tonn af jafngildi koltvísýrings.

Að því er varðar Ísland, skal hluturinn sem um getur í staflíð a) reiknaður út á grundvelli 36 196 tonna af jafngildi koltvísýrings leiðrétt með 899 645 tonnum af jafngildi koltvísýrings, sem er hluti af staðfestri losun fyrir árið 2005 frá stöðvum sem stunda starfsemi sem skráð er í I. viðauka og kerfi Bandalagsins tekur aðeins til frá og með árinu 2013. Hlutur Íslands skal því reiknaður út á grundvelli 935 841 tons af jafngildi koltvísýrings.“

- m) Ákvæði 3. mgr. 10. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin.
- n) Eftirfarandi undirgrein bætist við á eftir fimmtu undirgrein í 8. mgr. 11. gr. a:
„Að því er varðar EFTA-ríkin, koma tölurnar, sem taka ber tillit til við útreikning vegna losunarskerðinga á EES-svæðinu samkvæmt fimmtu undirgrein, fram í B-hluta viðbættisins.“
- o) Annar málslíður í 3. mgr. 16. gr. hljóði svo:
„EFTA-ríkin skulu kveða á um sektir fyrir umframlosun sem jafngilda þeim sem gilda í aðildarríkjum ESB.“
- p) Eftirfarandi málsgrein bætist við á eftir 12. mgr. 16. gr.:
„13. EFTA-ríkin skulu senda allar beiðnir samkvæmt 5. og 10. mgr. 16. gr. til Eftirlitsstofnunar EFTA, sem skal koma þeim án tafar til framkvæmdastjórnarinnar.“
- q) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. mgr. 18. gr. a:
„Umráðendum loftfara skal endurúthluta til EFTA-ríkjanna á árinu 2011, eftir að flugrekandinn hefur uppfyllt skuldbindingar sínar fyrir árið 2010. Upphaflega ábyrgðarríkið getur samþykkt nýjan tímafrest fyrir endurúthlutun umráðenda loftfara sem upphaflega var úthlutað til aðildarríkis á grundvelli viðmiða sem getið er í staflíð b) í þessari málsgrein, eftir að flugrekandinn hefur lagt fram skýra beiðni þar um innan sex mánaða frá því að framkvæmdastjórnin samþykkir skrá yfir umráðendur loftfara innan EES, sem kveðið er á um í staflíð b) í 3. mgr. 18. gr. a. Í því tilviki skal endurúthlutun fara fram eigi síðar en árið 2020 að því er varðar viðskiptatímabilið fyrir losunarheimildir sem hefst 2021.“
- r) Í stafl. b) í 3. mgr. 18. gr. a bætist orðin „á öllu EES“ við á eftir orðunum „umráðenda loftfara“.
- s) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 18. gr. b:
„Til að sinna verkefnum sínum samkvæmt tilskipuninni geta EFTA-ríkin og Eftirlitsstofnun EFTA óskað eftir aðstoð Evrópustofnunar um öryggi flugleiðsögu eða annarrar hlutaðeigandi stofnunar og gert viðeigandi samninga þar að lútandi við slíkar stofnanir.“
- t) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 20. gr.:
„4. Skrá skal í óháðu viðskiptadagbókina, sem um getur í 1. mgr., útgáfu, framsal og afturköllun losunarheimilda sem varða EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum og flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.
Yfirstjórnandinn skal vera til þess bær að sinna verkefnum sem um getur í 1.–3. mgr. að því er varðar EFTA-ríkin, rekstraraðila í þeim ríkjum eða flugrekendur sem lúta stjórn þeirra.“
- u) Eftirfarandi málsgrein bætist við í 25. gr.:
„3. Til losunarheimilda í kerfi Bandalagsins teljast losunarheimildir sem EFTA-ríkin gefa út eða rekstraraðilar í þeim ríkjum selja innan kerfis Bandalagsins. Eftir að Bandalagið hefur gert samning af því tagi sem um getur í þessari grein skal enginn greinarmunur gerður á slíkum losunarheimildum.
Framkvæmdastjórnin skal senda EFTA-ríkjunum tímanlega upplýsingar um samningaviðræður og gerð samninga eða samþykka sem eru ekki bindandi samkvæmt þessari grein.“
- v) EFTA-ríki, sem taka þátt í kerfi ESB fyrir viðskipti með losunarheimildir, munu leggja fram upplýsingar samkvæmt viðeigandi ákvæðum í fyrstu undirmálsgrein 3. mgr. 30. gr., en ákvæði um skýrslugjöf samkvæmt annarri undirmálsgrein taka ekki til þeirra.
- w) Eftirfarandi bætist við á eftir V. viðauka:

„VIÐBÆTUR

A-hluti

Tölur frá EFTA-ríkjunum sem skipta máli við útreikning og leiðréttingu á fjölda losunarheimilda á EES-svæðinu sem gefinn verður út frá og með árinu 2013 samkvæmt 9. gr. og 9. gr. a í tilskipun 2003/87/EB

1. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 9. gr.

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

Ísland

Tölur þessar eru grundvallaðar á sannreyndri árlegri meðallosun á árunum 2005 til 2010 frá starfsemi sem í grundvallaratriðum fellur undir ákvæði tilskipunar 2003/87/EB á tímabilinu 2008 til 2012 og samsvara 23 934 losunarheimildum.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	22 684
2014	22 268
2015	21 851
2016	21 435
2017	21 018
2018	20 602
2019	20 186
2020	19 769

Liechtenstein

Tölur þessar eru grundvallaðar á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda Liechtensteins fyrir tímabilið 2008 til 2012 og samsvara 17 943 losunarheimildum, eins og fram kemur í landsbundinni úthlutunaráætlun Liechtensteins.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	17 006
2014	16 694
2015	16 382
2016	16 070
2017	15 758
2018	15 445
2019	15 133
2020	14 821

Noregur

Tölur þessar eru grundvallaðar á árlegum meðalheildarfjölda losunarheimilda Noregs fyrir tímabilið 2008 til 2012 og samsvara 14 255 268 losunarheimildum, eins og fram kemur í landsbundinni úthlutunaráætlun Noregs.

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	13 511 143
2014	13 263 101
2015	13 015 060
2016	12 767 018
2017	12 518 976
2018	12 270 935
2019	12 022 893
2020	11 774 851

2. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 1. mgr. 9. gr. a

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

Noregur

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	832 974
2014	817 682
2015	802 390
2016	787 098
2017	771 806
2018	756 514
2019	741 222
2020	725 930

3. Tölur EFTA-ríkjanna samkvæmt 2. mgr. 9. gr. a

Við ákvörðun þessara talna hefur línulegur stuðull upp á 1,74% verið notaður.

Ísland

Ár	Fjöldi losunarheimilda
2013	1 732 936
2014	1 700 527
2015	1 668 119
2016	1 635 710
2017	1 603 301
2018	1 570 892
2019	1 538 484
2020	1 506 075

Noregur

Ár	Antall kvoter
2013	4 994 199
2014	4 902 514
2015	4 810 829
2016	4 719 144
2017	4 627 459
2018	4 535 774
2019	4 444 089
2020	4 352 404

B-hluti**Tölur EFTA-ríkjanna sem skipta máli við útreikning á losunarskerðingum á EES-svæðinu samkvæmt fimmtu undirgrein 8. mgr. 11. gr. a**

	Losun á árinu 2005 frá fyrirbyggjandi atvinnugreinum (í tonnum af jafngildi koltvísyrings)	Losun á árinu 2005 frá nýjum atvinnugreinum sem verða teknar með frá og með 2013 (í tonnum af jafngildi koltvísyrings)
Ísland	36 196	899 645
Liechtenstein	18 121	0
Noregur	19 730 000	6 140 000

3. Eftirfarandi liðir bætist við á eftir lið 21a (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB):

„21a. **32010 R 1031**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins (Stjtið. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1), eins og henni var breytt með:

- **32011 R 1210**: Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1210/2011 frá 23. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 308, 24.11.2011, bls. 2).

Ákvæði reglugerðarinnar skulu, að því er samning þennan varðar, aðlöguð sem hér segir:

- a) Texti fyrsta málsliðar í 7. mgr. 22. gr. hljóði svo:

„EFTA-ríkin skulu upplýsa Eftirlitsstofnun EFTA um auðkenni uppboðshaldarans og samskiptaupplýsingar hans og mun hún framsenda þær til framkvæmdastjórnarinnar.“

- b) Eftirfarandi málsliðir bætist við í 2. mgr. 24. gr.:

„EFTA-ríkin skulu gera samning við uppboðshaldarann sem var tilnefndur að loknu sameiginlegu innkaupaferli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna um að vakta öll uppboðsferlin. Túlka skal hugtakið „aðildarríki“ í 1., 2., 3., 4. og 5. mgr. 25 gr. þannig að það taki einnig til EFTA-ríkjanna.“

- c) Eftirfarandi undirgrein bætist við í 1. og 2. mgr. 26. gr.:

„EFTA-ríkin skulu gera samning við uppboðsvettvanginn sem framkvæmdastjórnin og aðildarríki ESB, sem tóku þátt í innkaupaferlinu, tilnefndu í sameiningu til að bjóða upp hluti þeirra í losunarheimildum sem boðnar eru upp, ef EFTA-ríkin kjósa að sameina uppboð losunarheimilda sinna losunarheimildum aðildarríkja ESB sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni.“

d) Eftirfarandi málsliður bætist við í 1. mgr. 27. gr. og 1. mgr. 28. gr.:

„Með fyrirvara um fyrirkomulag í samningnum sem EFTA-ríkin skulu gera við uppboðsvettvanginn, getur uppboðsvettvangurinn, sem var tilnefndur að loknu sameiginlegu innkaupaverli framkvæmdastjórnarinnar og aðildarríkjanna, sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni, einnig veitt EFTA-ríkjunum ofangreinda þjónustu.“

e) Ákvæði 30. til 32. gr. gilda ekki að því er varðar EFTA-ríkin, að því tilskildu að þau hafi gert samninga við uppboðsvettvangana sem hafa verið tilnefndir samkvæmt 26. gr. í samræmi við aðlögunarlið c) hér að framan.

f) Eftirfarandi undirgreinar bætist við í 3. mgr. 52. gr.:

„Þeim kostnaði uppboðsvaktarans sem tengist uppboðsvettvangi, sem tilnefndur hefur verið skv. 1. eða 2. mgr. 26. gr. og sem EFTA-ríkin hafa gert samning við, skal skipt jafnt milli aðildarríkjanna sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni og EFTA-ríkjanna í samræmi við hlut þeirra í heildarfjölda losunarheimilda sem boðinn er upp á viðkomandi uppboðsvettvangi, að því tilskildu að EFTA-ríkin sameini uppboð losunarheimilda sinna losunarheimildum aðildarríkja ESB sem taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni.“

EFTA-ríki skal bera þann kostnað uppboðsvaktarans sem tengist uppboðsvettvangi, sem tilnefndur hefur verið skv. 1. eða 2. mgr. 30. gr. og viðkomandi EFTA-ríki hefur gert samning við, m.a. kostnað vegna skýrslu sem lögð er fram skv. 4. mgr. 25. gr., á sama hátt og aðildarríki ESB, sem taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni.“

21alb. **32010 D 0002:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB frá 24. desember 2009 um samantekt skrár samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (Stjtið. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10), eins og henni var breytt með:

– **32011 D 0745:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/745/ESB frá 11. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 9).

21alc. **32011 D 0278:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB frá 27. apríl 2011 um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1), eins og henni var breytt með:

– **32011 D 0745:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/745/ESB frá 11. nóvember 2011 (Stjtið. ESB L 299, 17.11.2011, bls. 9).

21ald. **32010 D 0670:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/670/ESB frá 3. nóvember 2010 um viðmiðanir og ráðstafanir vegna fjármögnunar sýniverkefna í viðskiptaskyni, sem miða að umhverfisvænni föngun og geymslu CO₂ í jörðu, og sýniverkefna er varða nýskapandi tækni á sviði endurnýjanlegrar orku innan kerfisins fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins sem komið var á með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 290, 6.11.2010, bls. 39).

21ale. **32011 R 0550:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 550/2011 frá 7. júní 2011 um ákvörðun á tilteknum takmörkunum sem gilda um notkun alþjóðlegra inneigna vegna verkefna varðandi iðnaðargastegundir samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB (Stjtið. ESB L 149, 8.6.2011, bls. 1).“

4. Eftirfarandi undirliðir bætist við í lið 21am (ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2007/589/EB):

„– **32010 D 0345:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/345/ESB frá 8. júní 2010 (Stjtið. ESB L 155, 22.6.2010, bls. 34),

– **32011 D 0540:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/540/ESB frá 18. ágúst 2011 (Stjtið. ESB L 244, 21.9.2011, bls. 1).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) nr. 1031/2010, (ESB) nr. 550/2011 og (ESB) nr. 1210/2011, tilskipunar 2009/29/EB og ákvarðana 2010/2/ESB, 2010/345/ESB, 2010/670/ESB, 2011/278/ESB, 2011/540/ESB og 2011/745/ESB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 27. júlí 2012 eða daginn eftir að síðasta tilkynning samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins berst sameiginlegu EES-nefndinni, hvort sem ber upp síðar (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 26. júlí 2012.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Atle Leikvoll

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.